# Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2017

## Rekstrar- og efnahagsreikningur ásamt greinargerð



# Ísafjarðarbær

## Fjárhagsáætlun

# 2017

seinni umræða

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði
kt. 540596-2639

# Ísafjarðarbær

## Fjárhagsáætlun

# 2017

seinni umræða

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Rekstrarreikningur | 1 |
| Efnahagsreikningur | 2 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 4 |
| Greinagerð með fjárhagsáætlun | 5 |
| -Almennar forsendur | 5 |
| -Fjölskyldusvið | 8 |
| -Skóla- og tómstundasvið | 10 |
| -Stjórnsýslu- og fjármálasvið | 14 |
| -Umhverfis- og eignasvið | 15 |
| -Slökkvilið Ísafjarðarbæjar | 18 |
| -Hafnarsjóður | 18 |
| -Fasteignir Ísafjarðarbæjar | 19 |
| -Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld | 19 |
| -Fjárfestingar | 20 |
| -Kennitölur | 21 |
| Rekstraryfirlit málaflokka | 23 |
| Efnahagsreikningur málaflokka | 24 |
| Yfirlit um sjóðstreymi málaflokka | 25 |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2016_mv | 2015 | 2017 | 2016_mv | 2015 |
| Útsvar ..... | 1.940.657 | 1.761.799 | 1.628.789 | 1.940.657 | 1.761.799 | 1.628.789 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ..... | 686.915 | 721.119 | 728.435 | 686.915 | 721.119 | 728.435 |
| Fasteignaskattar ..... | 331.670 | 302.701 | 292.002 | 331.670 | 302.701 | 292.002 |
| Sölutekjur ..... | 78.644 | 66.713 | 65.141 | 124.699 | 113.173 | 110.593 |
| Þjónustutekjur ..... | 189.637 | 174.500 | 166.058 | 612.283 | 560.647 | 529.520 |
| Aðrar tekjur ..... | 473.479 | 497.307 | 488.044 | 736.467 | 736.815 | 681.988 |
| | 3.701.003 | 3.524.138 | 3.368.469 | 4.432.692 | 4.196.254 | 3.971.327 |
| Laun og launatengd gjöld ..... | (2.156.773) | (1.951.717) | (1.849.279) | (2.283.036) | (2.059.287) | (1.949.854) |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar ..... | (157.120) | (150.497) | (214.970) | (157.120) | (150.497) | (214.970) |
| Vörukaup ..... | (120.987) | (102.970) | (100.441) | (139.609) | (124.311) | (115.949) |
| Þjónustukaup ..... | (385.319) | (419.785) | (349.218) | (425.410) | (456.908) | (394.794) |
| Orkukostnaður ..... | (96.954) | (90.315) | (86.873) | (138.784) | (128.621) | (126.981) |
| Viðhaldskostnaður ..... | (177.353) | (120.007) | (122.001) | (255.476) | (209.732) | (187.532) |
| Styrkir og annað ..... | (200.840) | (251.710) | (224.325) | (200.840) | (251.710) | (224.325) |
| Önnur rekstargjöld ..... | (266.339) | (281.415) | (275.253) | (354.270) | (358.949) | (293.844) |
| Afskriftir fastafjármuna ..... | (123.330) | (122.670) | (106.783) | (217.551) | (228.167) | (173.140) |
| Framlög til B-hluta stofnana ..... | 0 | 0 | (56.880) | 0 | 0 | (56.880) |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda** | 15.988 | 33.052 | (17.553) | 260.598 | 228.072 | 233.061 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ..... | (82.638) | (76.348) | (118.952) | (225.244) | (210.106) | (198.755) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | (66.650) | (43.296) | (136.505) | 35.354 | 17.966 | 34.305 |

# Áætlaður efnahagsreikningur 2017

| Eignir | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2017 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2015 | Samantekið A og B hluti 31.12.2017 | Samantekið A og B hluti 31.12.2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | |
| Fasteignir og lóðir | 2.725.381 | 2.562.819 | 4.687.324 | 4.629.237 |
| Veitukerfi, hafnamannvirki og götur | 759.803 | 614.115 | 1.865.702 | 1.609.745 |
| Vélar, áhöld og tæki | 210.261 | 158.511 | 238.983 | 186.376 |
| Eignarhlutir í félögum | 548.653 | 548.653 | 421.082 | 421.082 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 79.699 | 148.359 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur | 5.633 | 6.968 | 5.633 | 6.968 |
| | 4.329.430 | 4.039.426 | 7.218.723 | 6.853.408 |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur | 234.352 | 183.730 | 254.713 | 227.394 |
| Næsta árs og gjaldf. afb. af langtímakröfum | 39.246 | 32.731 | 558 | 0 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B | 188.270 | 281.572 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 50.965 | 133.864 | 63.587 | 147.078 |
| Handbært fé | 81.899 | 93.529 | 85.494 | 101.766 |
| | 594.732 | 725.426 | 404.353 | 476.238 |
| **Eignir** | 4.924.162 | 4.764.851 | 7.623.076 | 7.329.646 |

# Áætlaður efnahagsreikningur 2017

| Eigið fé og skuldir | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2017 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2015 | Samantekið A og B hluti 31.12.2017 | Samantekið A og B hluti 31.12.2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 705.728 | 772.378 | 977.179 | 941.825 |
| | 705.728 | 772.378 | 977.179 | 941.825 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 1.519.128 | 1.370.046 | 1.519.128 | 1.370.046 |
| Skuldir við lánastofnanir | 1.874.857 | 1.840.169 | 4.480.426 | 4.382.139 |
| | 3.393.985 | 3.210.214 | 5.999.554 | 5.752.185 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 222.888 | 218.837 | 223.523 | 219.924 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki B | 281.354 | 233.172 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 218.382 | 223.679 | 312.092 | 298.825 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 101.826 | 106.571 | 110.729 | 116.886 |
| | 824.449 | 782.259 | 646.343 | 635.636 |
| Skuldir | 4.218.434 | 3.992.473 | 6.645.897 | 6.387.821 |
| **Eigið fé og skuldir** | 4.924.162 | 4.764.851 | 7.623.076 | 7.329.646 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

| | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2016_mv | 2015 | 2017 | 2016_mv | 2015 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (66.650) | (43.296) | (136.505) | 35.354 | 17.966 | 34.305 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Afskriftir | 120.330 | 101.758 | 106.783 | 213.551 | 207.255 | 166.229 |
| Sölutap fastafjármuna | 0 | 0 | 2.088 | 0 | 0 | 2.175 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | 0 | 0 | 8.465 | 0 | 0 | 11.678 |
| Verðb. og gengism. langtímaliða | 61.630 | 50.215 | 47.093 | 128.480 | 141.336 | 90.602 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 117.844 | 112.697 | 214.970 | 117.844 | 112.697 | 214.970 |
| **Veltufé frá rekstri** | 233.154 | 221.373 | 242.893 | 495.229 | 479.254 | 519.959 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun | (136.331) | 256.400 | 95.879 | (113.873) | 202.540 | 101.668 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | 0 | 0 | (39.345) | 0 | 0 | (39.345) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | 0 | 0 | (88.719) | 0 | 0 | (85.174) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 96.823 | 477.773 | 210.708 | 381.355 | 681.794 | 497.108 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | |
| Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. | (386.000) | (280.011) | (324.255) | (566.000) | (276.366) | (883.118) |
| Afborganir langtímakrafna | 36.650 | 327 | 1.283 | 537 | 327 | 1.283 |
| | (349.350) | (279.684) | (322.972) | (565.463) | (276.039) | (881.836) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | 285.000 | 113.074 | 680.000 | 285.000 | 113.074 | 741.057 |
| Afborganir langtímalána | (216.845) | (253.491) | (264.646) | (306.528) | (333.074) | (343.358) |
| Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting | (21.263) | 136.332 | (278.006) | 0 | 0 | 0 |
| | 46.892 | (4.085) | 137.348 | (21.528) | (219.999) | 397.699 |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár | (205.635) | 194.005 | 25.083 | (205.635) | 185.757 | 12.972 |
| Handbært fé í upphafi árs | 287.534 | 93.529 | 75.420 | 291.129 | 105.361 | 88.795 |
| Handbært fé í lok árs | 81.899 | 287.534 | 100.503 | 85.494 | 291.118 | 101.766 |

# Greinagerð með fjárhagsáætlun 2017

## ALMENNAR FORSENDUR

### LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2016 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina. Á það um við ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er því eiginleg fjárveiting til rekstrar Ísafjarðarbæjar og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í fyrsta kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Ennfremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

### ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Ísafjarðarbæjar er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út útreikninga á staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga. Undanfarin ár hafa þær áætlanir verið vel innan marka, enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á myndinni hér að neðan má til að mynda sjá hver áætlun útsvars þriggja síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs.




*Mynd 1. Samanburður útsvarsgreiðslna árin 2013 til 2015*

Árið 2017 er gert ráð fyrir að útsvarsstofninn hækki að meðaltali á öllu landinu um 8,3% á milli áranna 2016 og 2017. Útsvarsgreiðslur fyrir árið 2017 eru því áætlaðar 1.895 milljónir króna samanborið við 1.746 milljónir króna í áætlun 2016. Samkvæmt 9 mánaða yfirliti eru skatttekjur innan áætlunar fyrir núlíðandi ár og bendir allt til þess að þær muni standast endurskoðaða áætlun.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að íbúum í bænum muni fjölga um 1% á næsta ári og verði í árslok 2017 um 3.650 talsins og er þá miðað við að í árslok 2016 verði íbúar 3.613 talsins. Undanfarin 3 ár hefur þó verið fólksfækkun um 2,1% samanlagt.

Þrátt fyrir nýgerða kjarasamninga á árinu með töluverðri hækkun, eru nokkrir kjarasamningar lausir hjá stórum starfsstéttum á þessu ári og óvíst hvernig nýir kjarasamningar muni líta út. Hækkun launa hefur bæði áhrif til útgjalda hjá bænum en jafnframt til tekjuhækkunar vegna hækkunar útsvars. Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi og atvinnuþátttaka verði svipuð og á þessu ári og að vinnuafl í sveitarfélaginu haldist óbreytt.

Samkvæmt þjóðhagsspá sem gefin var út 27. maí 2016 var áætlað að verðbólga ársins 2017 yrði um 3,9%. Notast var við þær forsendur við gerð fjárhagsáætlunar. Nýrri verðbólguspár benda hins vegar til þess að verðbólga á árinu 2017 verði nokkuð lægri en Hagstofuspáin. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2017 verði 2,4%.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er áætlað að útsvarstekjur ársins 2017 muni nema tæpum 1.894 milljónum króna, sem jafngildir 8,3% hækkun frá áætlun fyrra árs. Til samanburðar er vænt útkoma ársins 2016 um 1.746 milljónir króna.

| Ár | Álagningar-prósenta útsvars | Útsvarsstofn | | Álagt útsvar skv. álagningarskrá | Álagt útsvar, hluti Jöfnunarsjóðs | Verðbætur, kostnaður, frádráttur | Samtals skiluð staðgreiðsla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *2017* | *14,52%* | *15.258.428.695* | *8,30%* | *2.215.523.846* | *-268.543.645* | *-52.264.863* | *1.894.715.338* |
| *2016* | *14,52%* | *14.089.038.499* | *8,50%* | *2.045.728.390* | *-247.962.738* | *-52.264.863* | *1.745.500.789* |
| *2015* | *14,52%* | *12.985.288.939* | *6,94%* | *1.885.463.954* | *-228.541.085* | *-52.264.863* | *1.604.658.006* |
| *2014* | *14,52%* | *12.142.306.102* | *3,66%* | *1.763.062.846* | *-213.704.587* | *-49.133.879* | *1.500.224.380* |
| *2013* | *14,48%* | *11.713.433.791* | *4,51%* | *1.696.105.213* | *-201.471.061* | *-42.672.488* | *1.451.961.664* |
| *2012* | *14,48%* | *11.208.274.496* | *5,47%* | *1.622.958.147* | *-192.782.321* | *-43.934.601* | *1.386.241.225* |

## FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands.

Áætlað er að fasteignagjöld skili Ísafjarðarbæ tekjum sem nemi 548 milljónum króna, sem jafngildir 10,6% hækkun frá áætlun fyrra árs. Til samanburðar er vænt útkoma ársins 2016 um 496 milljónir króna. Haldast skatthlutföll óbreytt á milli ára fyrir utan sorpgjöld og má sjá þróun fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði síðustu 5 ára í neðangreindri töflu.

| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| *Fasteignaskattur A* | *0,63%* | *0,63%* | *0,63%* | *0,63%* | *0,63%* |
| *Lóðarleiga* | *1,80%* | *1,80%* | *1,80%* | *1,80%* | *1,80%* |
| *Vatnsgjald* | *0,21%* | *0,21%* | *0,21%* | *0,21%* | *0,21%* |
| *Holræsagjald* | *0,25%* | *0,25%* | *0,25%* | *0,03%* | *0,03%* |
| *Sorpgjald þéttbýli* | *39.300* | *39.300* | *39.300* | *40.558* | *46.642* |
| *Sorpgjald dreifbýli* | *26.700* | *26.700* | *26.700* | *27.554* | *31.687* |

Á síðustu 5 árum hefur fasteignamat í Ísafjarðarbæ hækkað um 27,5%. Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2017 var birt 31. maí 2016 og er 34.250 milljónir króna. Fasteignamat fyrir árið 2016 var 31.449 milljónir króna og er því fasteignamat 2017 að hækka um 8,9% frá árinu 2016.

| *Þróun fasteignamats* | *2013* | *2014* | *2015* | *2016* | *2017* |
|---|---|---|---|---|---|
| Húsmat | *24.008.572* | *24.986.782* | *25.044.891* | *28.391.312* | *30.829.456* |
| Landmat | *2.859.254* | *2.981.021* | *2.925.581* | *3.057.924* | *3.420.825* |

## Fasteignaskattur

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist vegna hækkunar fasteignamats. Einnig er von á að fasteignaskattur aukist vegna magnaukningar á árinu 2017, þ.e. áætlaðri aukningu á fjölda fasteigna í bæjarfélaginu, en ekki hefur verið gert ráð fyrir því í áætlun.

## Vatnskattur og holræsagjald

Vatnsskattur og holræsagjald helst óbreytt á milli ára.

## Sorphirðugjöld

Til að koma til móts við viðvarandi halla á eyðingu sorps var lagt til 15% hækkun á sorphirðugjaldi. Sorpgjald í þéttbýli hækkar því úr kr. 40.558,- í kr. 46.642,-.

## Lóðarleiga

Lóðarleiga á einingu hækkar ekki á milli ára.

# JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn einn þriggja meginstofna sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur, mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjum sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæði laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka, sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlags vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlag er ætlað til að jafna tekjur sveitarfélaga s.s. vegna fasteignagjalda en útgjaldajöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöld sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægðir innan sveitarfélaga, skólaakstur úr dreifbýli o.fl.

Jöfnunarsjóður birti áætlun fyrir árið 2017 í lok október 2016 og er hún færð inn í fjárhagsáætlun. Áætlaðar tekjur frá jöfnunarsjóði eru 687 milljónir króna fyrir árið 2017 og lækka því um 4,7% á milli ára.

| *Heiti* | *2013* | *2014* | *2015* | *2016 áætl* | *2017 áætl* |
|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignask.frl. rgl. 80/2001 | *179.006.554* | *203.493.623* | *203.126.249* | *221.987.124* | *247.227.822* |
| Útgj.jöfn.frl.13 gr. rgl.113/2003 | *278.031.177* | *341.639.467* | *372.763.623* | *355.340.325* | *316.482.659* |
| Grunnskólafrl. 3.gr. rgl.351/2002 | *103.161.244* | *75.451.861* | *132.684.866* | *124.741.065* | *102.404.573* |
| Frl.v.sérþarfa nem.4.gr rgl.351/2002 | *19.100.000* | *15.500.000* | *13.100.000* | *11.900.000* | *13.400.000* |
| Frl.nýbúafræðsla 5.gr.rgl.351/2002 | *4.200.000* | *3.840.000* | *6.760.000* | *7.150.000* | *7.400.000* |
| **Samtals** | **583.498.975** | **639.924.951** | **728.434.738** | **721.118.514** | **686.915.054** |

## AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

Lagt er til að afsláttarmörk vegna elli- og örorkulífeyrisþega haldist óbreytt á milli ára. Þá er lagt til að útreikningur vegna álagningar verði ekki leiðréttur á árinu 2017 þegar framtöl liggja fyrir í ágúst vegna tekna ársins 2016. Þegar fasteignagjöld eru lögð á er afsláttur reiknaður út frá framtali ársins 2015 og fram til þessa hefur verið leiðrétt þegar nýtt framtal liggur fyrir. Þetta hefur leitt til þess að afsláttur er minni en reiknað var með og því innheimt hærri gjöld en reiknað var með í upphafi árs. Á árinu 2017 er lagt til að þessu verði hætt og er það til hagsbóta fyrir greiðendur.

# FJÖLSKYLDUSVIÐ

## FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Fjárhagsaðstoð fer lækkandi og má gera ráð fyrir að ákveðnum stöðugleika sé náð í þjónustu á árinu 2017. Má það helst rekja til góðs ástands í atvinnumálum en jafnframt þess að verklag í afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð er skýrt og áhersla lögð á úrræði sem geta komið umsækjendum til hjálpar og jafnframt hvatt þá til sjálfshjálpar. Undir öðrum félagslegum úrræðum flokkast liðir eins og útfararstyrkir, úrræði í ofbeldismálum (gisting, flugfar), niðurgreiðsla á tímum hjá sálfræðingi og fleira.

Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækki í janúar samkvæmt vísitölu, líkt og reglur gera ráð fyrir. Áætlað er á árinu 2017 að veita 14,1 milljón króna í fjárhagsaðstoð.




*Mynd 2. Kostnaður við fjárhagsaðstoð 2013-2015.*

## HÚSALEIGUBÆTUR

Almennar húsaleigubætur hafa farið lítillega hækkandi undanfarin ár en nú mun þessi liður hverfa frá sveitarfélaginu, yfir til ríkisins.




*Mynd 3. Kostnaður við húsaleigubætur 2013-2015.*

Gert er ráð fyrir hækkun á sérstökum húsaleigubótum þar sem ríkið hættir þátttöku í þeim. Jafnframt er unnið að nýjum reglum sveitarfélagsins um sérstakar húsaleigubætur og gera má ráð fyrir einhverri hækkun útgjalda vegna þess. Áætlað er að 6 milljónir króna fari í sérstakar húsaleigubætur á árinu 2017.

## BARNAVERND

Árið 2016 sker sig úr vegna mikils kostnaðar við barnavernd. Ástæðan er fyrst og fremst veruleg hækkun lögfræðikostnaðar vegna málarekstrar og hækkun vistunarkostnaðar. Ekki er gert ráð fyrir slíkum kostnaði á árinu 2017.

Úrræði í barnavernd hafa aukist og metnaður hefur verið lagður í að bregðast snarlega við aðstæðum sem ekki teljast viðunandi fyrir börn, með vísan til laga. Úrræðin felast helst í sálfræðiþjónustu, forsjárhæfismötum, fjölskylduráðgjöf, almennri félagsráðgjöf, tilsjón á heimilum, stuðningsfjölskyldum og fíkniefnamælingum. Barnaverndin hefur einnig í sínum verkahring alla samvinnu við BUGL-teymi og samvinnu á Ísafirði við aðrar stofnanir vegna barna sem þurfa á aðstoð á geðsviði að halda. Síðast en ekki síst hefur verið lögð áhersla á að fagfólkið sem sinnir þessum flókna, viðkvæma og síbreytilega málaflokki sinni sí- og endurmenntun í formi þátttöku á ráðstefnum og málþingum. Í áætlun 2017 er reiknað með að nágrannasveitarfélögin taki ábyrgð og taki hlutfallslegan þátt í kostnaði barnaverndar sem áætlaður er 41 milljón króna. Áætluð þátttaka þeirra er um 21,4% og því gert ráð fyrir tekjum að fjárhæð 8,8 milljónir króna. Hlutur Ísafjarðarbæjar í rekstri barnaverndar mun því nema 32,2 milljónum króna.




*Mynd 4. Kostnaður við barnavernd 2013-2015.*

## FREKARI LIÐVEISLA

Fjöldi þjónustunotenda í frekari liðveislu hefur staðið í stað undanfarin þrjú ár. Þjónustuþörfin hefur hins vegar vaxið og stefnir í verulega aukna þjónustu á árinu 2017.

## FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA

Kostnaður vegna ferðaþjónustu hefur staðið í stað en áætlanir undanfarinna ára hafa ekki verið raunhæfar, um ofáætlanir hefur verið að ræða. Það má gera ráð fyrir að raunkostnaður hækki á árinu 2017 þar sem þjónustan verður boðin út á vordögum.

Að meðaltali eru þrjátíu og tveir einstaklingar að nýta sér ferðaþjónustuna í hverjum mánuði. Meðal ferðafjöldi á ári er 5.192.

# SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

## FRÆÐSLUMÁL

Stöðugildum til grunn- og tónlistarskóla er úthlutað samkvæmt úthlutunarreglum og mið tekið af kennslustundalíkani. Sérúrræði vegna barna með fatlanir eru tekin sérstaklega fyrir. Breytingar milli ára geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig. Gert er ráð fyrir að áfram verði haldið að spjaldtölvuvæða skólana.

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

## SKÓLASKRIFSTOFA

Gert er ráð fyrir auknum kaupum á sérfræðiþjónustu, en auka varð við þjónustuna á síðari hluta ársins 2016. Um er að ræða kaup á þjónustu frá sálfræðingum, talmeinafræðingum, listmeðferðarfræðingi, samning við Skema og fleira. Flugfargjöld og gisting hækka töluvert vegna þessa.

## GRUNNSKÓLAR

Áfram er gert ráð fyrir kaupum á námsgögnum fyrir nemendur samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar frá 2013. Undir sameiginlegum liðum er gert ráð kostnaði við stjórnendaþjálfun fyrir bæði skólastigin. Mikill árangur hefur náðst á mörgum sviðum í skólamálum, sviðsstjóri leggur á það áherslu að meiri fókus verði settur á stjórnun skólanna með sérstakri stjórnendaþjálfun. Innkaup skólanna á húsbúnaði og tölvubúnaði hefur hingað til verið færður á fjárfestingar en nú er gert ráð fyrir þeim í rekstraráætlun. Gert er ráð fyrir töluverðum fjárfestingum í tölvuveri GÍ þar sem núverandi búnaður er frá 2008. Athygli er vakin á að samningar grunnskólakennara eru lausir og óljóst hvernig þeir verða.

### Gjaldskrá

Skólamatur hækkar um 2,4% eða úr kr. 480 í kr. 492, áfram verður gefinn 10% afsláttur ef keypt er heil önn.

### Stöðugildatafla grunnskóla

Úthlutun kennslustunda tekur mið af fjölda nemenda og aldurssamsetningu í hverjum skóla. Úthlutun vegna stuðnings og sérþarfa tekur mið af sérþörfum nemenda í hverjum skóla fyrir sig.

| *Skóli* | *Skólaliðar 2016* | *Skólaliðar 2017* | *Kennarar og stjórnendur 2016* | *Kennarar og stjórnendur 2017* | *Aðrir starfsmenn 2016* | *Aðrir starfsmenn 2017* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Grunnskólinn á Ísafirði (GÍ)* | *5,6* | *6* | *33,8* | *33,4* | *11,2* | *12,7* |
| *Grunnskólinn á Suðureyri (GS)* | | | *5,9* | *6,2* | *1,4* | *1,5* |
| *Grunnskóli Önundarfjarðar (GÖ)* | *0,6* | *0,7* | *3,2* | *3,3* | *0,1* | *0,1* |
| *Grunnskólinn á Þingeyri (GÞ)* | | | *5,6* | *5,6* | *1,8* | *1,7* |
| ***Samtals*** | ***6,2*** | ***6,7*** | ***48,5*** | ***48,5*** | ***14,5*** | ***16*** |

### Þróun nemendafjölda og kennslustundaúthlutunar

Síðustu ár hefur nemendum í grunnskólum fækkað töluvert í flestum skólum. Fjöldi nemenda og kennslustundaúthlutun er mjög mismunandi eftir skólum. Börnum er nú loksins farið að fjölga aftur í GÍ og miðað við stærð árganga sem eru í leikskólum má gera ráð fyrir fjölgun næstu árin. Nokkur stöðugleiki hefur verið í nemendafjölda í GS en fækkun í GÖ og GÞ. Miðað við stærð árganga í leikskólum minni hverfanna má gera ráð fyrir einhverri fækkun á næstu árum en mismikilli þó.




*Mynd 5. Þróun nemendafjölda og kennslustundaúthlutunar frá árunum 2011 til 2017.*

Á neðangreindri töflu má sjá nemendafjölda og fjölda kennslustunda eftir skólum.

| | 2016-2017 | | | | 2015-2016 | | | | 2014-2015 | | | | 2013-2014 | | | | 2012-2013 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | GÍ | GS | GÖ | GÞ | GÍ | GS | GÖ | GÞ | GÍ | GS | GÖ | GÞ | GÍ | GS | GÖ | GÞ | GÍ | GS | GÖ | GÞ |
| Nemendafjöldi | **342** | **43** | **17** | **29** | **331** | **47** | **22** | **31** | **338** | **38** | **14** | **36** | **350** | **37** | **14** | **29** | **390** | **38** | **17** | **38** |
| Almennur kennslust.fj. | 600 | 102 | 67 | 102 | 624 | 107 | 67 | 102 | 622 | 102 | 67 | 102 | 637 | 102 | 67 | 102 | 612 | 102 | 67 | 102 |
| Skiptistundir | 88 | 8 | 4 | 4 | 75 | 8 | 4 | 9 | 82 | 13 | 4 | 9 | 65 | 33 | 12 | 12 | 63 | 36 | 12 | 36 |
| Stuðningur & sérkennsla | 147 | 33 | 7 | 19 | 119 | 28 | 7 | 14 | 118 | 26 | 6 | 16 | 140 | 24 | 9 | 24 | 149 | 32 | 11 | 26 |
| **Samtals kennslustundir** | **835** | **143** | **78** | **125** | **818** | **143** | **78** | **125** | **822** | **141** | **77** | **127** | **842** | **159** | **88** | **138** | **824** | **170** | **90** | **164** |

## Fjöldi barna í grunnskólum Ísafjarðarbæjar haust 2016 eftir aldri

Samsetning aldurshópa í hverjum skóla fyrir sig má sjá í töflunni hér að neðan.

| *Börn fædd* | *Bekkur* | *GÍ* | *GS* | *GÖ* | *GÞ* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2010 | 1. | *42* | *3* | *1* | *2* | ***48*** |
| 2009 | 2. | *32* | *6* | *4* | *4* | ***46*** |
| 2008 | 3. | *40* | *6* | *0* | *5* | ***51*** |
| 2007 | 4. | *28* | *2* | *1* | *0* | ***31*** |
| 2006 | 5. | *33* | *6* | *1* | *2* | ***42*** |
| 2005 | 6. | *36* | *7* | *3* | *3* | ***49*** |
| 2004 | 7. | *22* | *4* | *4* | *5* | ***35*** |
| 2003 | 8. | *26* | *2* | *0* | *2* | ***30*** |
| 2002 | 9. | *46* | *5* | *3* | *1* | ***55*** |
| 2001 | 10. | *35* | *2* | *0* | *5* | ***42*** |
| **Fjöldi nemenda** | | **340** | **43** | **17** | **29** | **429** |

## Innleiðing spjaldtölva

Spjaldtölvuvæðing skóla í Ísafjarðarbæ hófst haustið 2014. Í fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir að allir nemendur í fimmta til tíunda bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar hafi spjaldtölvu til afnota, en auk þess fái skólar úthlutað spjaldtölvum sem nemendur í yngri bekkjum hafa aðgang að og eru samnýtt með öðrum nemendum. Nú þegar er búið að ná þessu markmiði í minni skólunum og ætti að nást í GÍ 2017. Eftir að innleiðingu lýkur þarf að gera ráð fyrir endurnýjun fyrir um það bil einn árgang á ári.

# LEIKSKÓLAR

Á leikskólann Sólborg bætist við ný 45 barna deild í janúar 2017. Deildin verður staðsett á fyrstu hæð Tónlistarskóla Ísafjarðar, hún hefur fengið nafnið Tangi. Í skólanum verða því 115-125 börn (hugsanlega enn fleiri). Séu millifærslur teknar frá kostnaði á Sólborg verður kostnaður á hvert barn um 1,5-1,65 milljónir króna á ársgrundvelli. Samningur er við Hjallastefnuna ehf. um rekstur á leikskólanum Eyrarskjóli. Samningurinn gerir ráð fyrir að 80% kostnaðar sé tengt launabreytingum. Í skólanum verða um 72 börn eftir að ný deild opnar á Sólborg. Ef millifærslur eru teknar frá verður kostnaður á hvert barn um 1,46 milljón króna á ári. Kostnaður á hvert barn er hærri í minni skólunum og er breytilegur þar sem skólarnir eru ekki fullnýttir og barnafjöldi breytilegur. Minnstu leikskólarnir eru að verða fámennari. Á Grænagarði eru nú 6 börn sem búsett eru í Önundarfirði. Á Laufási eru 10 börn og stefnir í að næsta haust verði þau einungis 6. Þetta er mikið áhyggjuefni og mikilvægt að hugsa í lausnum varðandi rekstur svona lítilla eininga þar sem einungis eru 2-3 starfsmenn. Bæði á Laufási og Grænagarði hefur ræsting verið færð á dagvinnutíma.

## Gjaldskrá

Gert er ráð fyrir 2,4% hækkun á gjaldskrám leikskóla. Átta tíma vistun með fæði hækkar úr kr. 34.501,- í kr. 35.329,- án allra niðurgreiðslna.

## Systkinaafsláttur

Í dag er veittur 30% afsláttur af vistgjöldum barns númer tvö og 100% afsláttur af vistgjöldum barns númer þrjú og börnum umfram þann fjölda og helst þetta fyrirkomulag óbreytt 2017. Systkinaafsláttur er veittur af vistgjöldum barna sem eru hjá dagforeldri, í leikskóla eða í Dægradvöl.

## Stöðugildatafla leikskóla

Stöðugildi í leikskólum eru nokkuð stöðug.

| Skóli | Stuðnings-fulltrúar 2016 | Stuðnings-fulltrúar 2017 | Kennarar og stjórnendur 2016 | Kennarar og stjórnendur 2017 | Aðrir starfsmenn 2016 | Aðrir starfsmenn 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Sólborg* | *2,5* | *1,7* | *24,3* | *29* | *2,8* | *2* |
| *Tjarnarbær* | *0,4* | *0* | *5* | *4,9* | *1,4* | *1,3* |
| *Grænigarður* | *0* | *0* | *3,8* | *3* | *0,9* | *1* |
| *Laufás* | *0* | *0* | *4* | *3,4* | *0,9* | *1,2* |
| ***Samtals*** | ***2,9*** | ***1,7*** | ***37,1*** | ***40,3*** | ***6*** | ***5,5*** |

## Fjöldi barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar haustið 2016 eftir aldri

Samsetning aldurshópa í hverjum leikskóla fyrir sig má sjá í töflunni hér að neðan og miðast tölur við október 2016. Á Grænagarði eru 4 börn frá Ísafirði og á Tjarnarbæ eru 3 börn frá Ísafirði.

| Börn fædd | Sólborg | Eyrarskjól | Tjarnarbær | Grænigarður | Laufás | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *2011* | *24* | *21* | *2* | *2* | *4* | ***53*** |
| *2012* | *18* | *25* | *2* | *0* | *2* | ***47*** |
| *2013* | *16* | *10* | *7* | *3* | *1* | ***37*** |
| *2014* | *15* | *12* | *2* | *0* | *3* | ***32*** |
| *2015* | *5* | *6* | *6* | *5* | *0* | ***22*** |
| ***Fjöldi nemenda*** | ***78*** | ***74*** | ***19*** | ***10*** | ***10*** | ***191*** |

### Börn á leikskólaaldri fædd 2015 og síðar

Af börnum fæddum 2015 með lögheimili á Ísafirði eru 18 komin inn á leikskóla, 7 af þeim eru með vistun á Suðureyri og Flateyri. Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka inn öll börn sem náð hafa 18 mánaða aldri um leið og ný leikskóladeild, Tangi, verður opnuð. Undir vor 2017 ættu öll börn sem fædd eru 2015 að vera komin með leikskólapláss og má ætla miðað við íbúatölur í dag að rúmt verði í leikskólum sveitarfélagsins haustið 2017. Ekki er gert ráð fyrir leikskóla frá 12 mánaða aldri, en það verður þó pláss fyrir börn undir 18 mánaða aldri frá hausti 2017.

| *Fædd leikskólabörn eftir hverfum* | | |
|---|---|---|
| | *2015* | *2016* |
| *Ísafjörður* | 40 | 31 |
| *Tjarnarbær* | 4 | 3 |
| *Grænigarður* | 1 | 5 |
| *Laufás* | 0 | 1 |
| *Samtals* | *45* | *40* |

## DAGFORELDRAR

Ísafjarðarbær greiðir niður vistun barna sem eru hjá dagforeldrum. Miðast greiðslan við hversu margar klukkustundir barnið er í vistun dag hvern. Niðurgreiðslan er hærri til forgangshópa og foreldra barna sem orðin eru 18 mánaða og hafa ekki fengið leikskólapláss í sínu skólahverfi, sú niðurgreiðsla hefst í mánuðinum eftir að barn hefur náð 18 mánaðar aldri. Matarkostnaður hjá dagforeldrum er ekki niðurgreiddur.

| | *2016* | *2017* |
|---|---|---|
| *Niðurgreiðsla almenn gjöld að 18 mánaða aldri* | *4.192* | *4.293* |
| *Niðurgreiðsla almenn gjöld frá 18 mánaða aldri* | *6.870* | *7.035* |
| *Niðurgreiðsla forgangshópa að 18 mánaða aldri* | *5.673* | *5.809* |
| *Niðurgreiðsla forgangshópa frá 18 mánaða aldri* | *6.988* | *7.156* |

## TÓNLISTARSKÓLAR

Ísafjarðarbær greiðir launakostnað kennara við tvo tónlistarskóla. Stöðugildum er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani og breytist fjöldi stöðugilda ekki á milli ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir 8,7% hækkun launa en ósamið er við tónlistakennara og hafa samningar verið lausir í á annað ár. Sveiflur eru í framlagi Jöfnunarsjóðs og fer framlagið eftir fjölda söngnemenda á miðstigi eða framhaldstigi og hljóðfæranemenda á framhaldsstigi. Skólaárið 2016-2017 er gert ráð fyrir 16,7 milljónum króna frá Jöfnunarsjóði en var í áætlun 2016 12,4 milljónir króna. Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna tónlistarkennslu eru 13,3 milljónir króna það sem af er árinu en óljóst hverjar þær verða þegar upp er staðið.

## ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL

Litlar sem engar breytingar verða í málaflokki 06. Vegna fækkunar ungmenna í vinnuskólanum lækkar kostnaður við hann lítillega. Umsvif hafa aukist verulega í íþróttamiðstöðinni á Þingeyri vegna þjónustu við tjaldstæðið, þar var bætt lítillega við stöðugildi 2016 og er gert aftur 2017. Í íþróttahúsinu á Torfnesi verður hljóðkerfi endurnýjað, um er að ræða hljóðkerfi sem nýtt er á íþróttaviðburðum og minniháttar samkomum sem haldnar eru í húsinu. Þá er væntanlegur nýr snjótroðari á skíðasvæðið í janúar og byrjað verður á nýjum gervigrasvelli á Torfnesi haustið 2017.

# STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

## SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk og ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Hluti sameiginlegs kostnaðar er síðan færður á aðrar deildir með millifærslum ýmist með tillit til fjölda starfsmanna, fjölda launafærslna, fjölda reikninga eða fjölda bókhaldsfærslna.

Hér eru færðar allar lífeyrisskuldbindingar bæjarins og hafa þær hækkað töluvert undanfarin ár, en hækkun milli 2016 og 2017 er áætluð tæpar 118 milljónir króna en til viðbótar er hlutur sveitarfélagsins í greiddum lífeyri um 39 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir mótframlagi í lífeyrissjóð vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, samtals um 52 milljónir króna. Það er vegna þeirra ákvörðunar stjórnar lífeyrissjóðsins Brú (áður LSS) og stjórn A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) að hækka mótframlag launagreiðenda vegna lífeyrisiðgjalda frá og með 1. janúar 2017. Brú hækkar úr 12% í 16,9% en LSR úr 11,5% í 15,1%. Hækkunin er þó bundin þeim fyrirvara að forsendur að baki tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins breytist ekki fram að áramótum, svo sem vegna áhrifa samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september síðastliðin.

Fjöldi stöðugilda í áætlun 2017 er í samræmi við raunverulegan fjölda stöðugilda á árinu 2015. Í fjárhagsáætlun 2017 var unnið að nákvæmari útfærslu millifærsla vegna hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði sem gerir það að verkum að tekjur málaflokksins lækka um rúmar 22 milljónir króna.

## STARFSMANNAMÁL

Við vinnslu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2017 er gert ráð fyrir stjórnendaþjálfun forstöðumanna og hálfum starfsdegi allra starfsmanna Ísafjarðarbæjar. Kostnaður við árshátíð Ísafjarðarbæjar hækkaður um 2,5 milljónir króna, en mikil aðsókn og ánægja hefur verið með árshátíðina og er hún orðin það fjölmenn að nauðsynlegt verður að halda árshátíðina á árinu 2017 í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum sé gefin lítil jólagjöf á árinu. Eins og áður eru áætlaðar 27 milljónir króna í veikindapott sem gert er ráð fyrir að verði úthlutað eftir þörfum í viðaukum á árinu 2017.

## UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingakerfi sveitarfélagsins eru nú öll rekin undir einni deild og gerir áætlun 2017 ráð fyrir 50,8 milljónir króna vegna þess. Til samanburðar þá var kostnaðurinn 36,9 milljónir króna á árinu 2016. Ástæða mikilla hækkana milli ára er að kostnaður við rekstur netþjónustu og tölvuforrita verður framvegis færður undir upplýsingatæknideild til að ná betri yfirsýn. Einnig er nú áætlað fyrir öllum hugbúnaðarleyfum hér í framhaldi af endurskoðun á hlutverki Eignasjóðs en fram að árinu 2016 voru öll hugbúnaðarleyfi eignfærð. Öllum kostnaði upplýsingakerfa er útdeilt niður á deildir í samræmi við notkun á tölvubúnaði og upplýsingakerfum.

## MENNINGARMÁL

Safnahúsið hefur tekið í notkun nýtt geymsluhúsnæði í Norðurtanga. Ekki er gert fyrir fjölgun starfsfólks í safninu. Gert er ráð fyrir hærri tekjum í safninu en í áætlun 2016, þá með tillit til rauntekna, m.a. vegna leigutekna frá Byggðasafni Vestfjarða sem nýtir hluta af geymsluhúsnæðinu í Norðurtanga. Engir samningar eru til staðar við leikhús eða utanaðkomandi menningarstofnanir og því engin áætlun um

slíka styrki. Áætlað er að gera upp útilistaverk í Ísafjarðarbæ og hefur tæknideild gert áætlun þar um. Gert er ráð fyrir svipaðri fjárhæð, eða tæpum 4 milljónum króna í hátíðar í Ísafjarðarbæ, þar með talið viðburði í kringum jól, áramót og páska auk ýmissa hátíða í bænum. Bærinn heldur áfram að koma að hátíðum í Ísafjarðarbæ í samstarfi við skipuleggjendur. Ýmsir styrkir lækka í áætlun um tæpar 14 milljónir króna sem skýrist af því að síðasta greiðsla til Menningamiðstöðvar Edinborgar fór fram á árinu 2016.

### ATVINNU- OG FERÐAMÁL

Samningur við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vegna verkefnabundinna styrkja rennur út á árinu 2016 og því engar fjárhæðir áætlaðar í verkefni hjá Atvinnuþróunarfélaginu en á árinu 2016 voru áætlaðar 3 milljónir króna í slík verkefni. Ekki liggja fyrir neinar hugmyndir um sérstakt markaðsátak í samstarfi við Markaðsstofu eins og verið hefur síðustu 3 ár og lækka þau framlög því um 3,7 milljónir króna á árinu 2017. Gert er ráð fyrir ráðgjafarkostnaði við ýmis atvinnumálefni að fjárhæð 3 milljónir króna á árinu 2017 sem ekki hefur verið áður. Upplýsingamiðstöð Vestfjarða heldur áfram óbreyttri starfsemi en aukin þörf er á viðbótar starfskröftum og helgarstarfsfólki vegna skemmtiferðaskipa.

## UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum, hreinlætismálum, skipulags- og byggingamálum, umferðar- og öryggismálum, umhverfismálum, Eignasjóði Ísafjarðarbæjar og Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Undir umhverfis- og eignasvið heyrir einnig Þjónustumiðstöð, vatnsveita, fráveita og Funi sorpeyðingarstöð.

### HREINLÆTISMÁL

#### Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Áætlað lögbundið framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 16,7 milljónir króna árið 2017 og hefur hækkað um 5 milljónir króna frá árinu 2015.

#### Sorphirða og sorpeyðing

Samningur um sorphirðu og sorpeyðingu rennur út í lok árs 2017. Gert er ráð fyrir að fara í greiningu á sorpmálum í sveitarfélaginu og bjóða út að nýju sorphirðu og sorpeyðingu árið 2017. Kostnaður við þá vinnu eru áætlaðar um 4 milljónir króna. Einnig er gert ráð fyrir kostnaði við „Frítt í Funa" átakið sem auglýst hefur verið einu sinni á ári, þar gefst íbúum sveitarfélagsins færi á að koma með sorp til eyðingar í Funa endurgjaldslaust yfir eina helgi, einnig er gert ráð fyrir kostnaði við sorphirðu og eyðingu af víðavangi að fjárhæð 2 milljónir króna.

### SKIPULAGS- OG BYGGINGAMÁL

#### Tæknideild

